



ÁRSSKÝRSLA 2022

MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

ÁGRIP SKÓLAMEISTARA

Í þessari ársskýrslu er farið yfir það helsta sem viðkemur starfsemi og rekstri Menntaskólans á Ísafirði árið 2022.

Ólíkt árunum á undan voru áhrif Covid-19 á skólastarfið á undanhaldi og voru orðin engin þegar leið á vorönn 2022. Það verður að segjast að því fylgdi mikill léttir, fyrir bæði nemendur og starfsfólk. Ýmis verkefni sem höfðu legið í dvala á meðan Covid stóð, eins og t.d. Erasmus+ verkefni skólans færðust aftur í eðlilegt form og voru nemendur og starfsfólk á faraldsfæti t.d. til Danmerkur, Frakklands og Hollands. Skólinn tók þátt í mörgum öðrum verkefnum á árinu og m.a. var jafnlaunavottun endurnýjuð, og skref 1 og 2 í Grænum skrefum í ríkisrekstri náðust.

Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari var í veikindaleyfi árið 2022 og leysti Heiðrún Tryggvadóttir áfangastjóri hann af. Á haustmánuðum sagði Jón Reynir starfi sínu lausu og var Heiðrún Tryggvadóttir skipuð skólameistari. Martha Kristín Pálmadóttir fjarnámsstjóri leysti af sem áfangastjóri allt árið.

Starfsfólk skólans fór í maí í námsferð til Helsinki þar sem þau fengu að kynnst finnska menntakerfinu og heimsækja skóla. Ferðin var ákaflega vel heppnuð og starfsfólk ánægt með ferðina.

Höfundar skýrslu: Friðgerður Guðný Ómarsdóttir fjármálastjóri, Erna Sigrún Jónsdóttir námsráðgjafi, Heiðrún Tryggvadóttir skólameistari, Hildur Halldórsdóttir aðstoðarskólameistari, Martha Kristín Pálmadóttir áfanga- og fjarnámsstjóri og Pernilla Rein gæða- og skjalastjóri



Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður árið 1970 sem bóknámsskóli. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar MÍ, lðnskóli Ísafjarðar og húsmæðraskólinn Ósk sameinuðust í einn skóla.

Námframboð skólans er mjög fjölbreytt. Boðið er upp á nám á 13 starfs- og verknámsbrautum, 4 stúdentsbrautum og starfsbraut. Íþróttasvið er í boði á öllum brautum.



HLUTVERK OG MARKMIÐ

Menntaskólinn á Ísafirði starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008.

MÍ er eini framhaldsskólinn á Vestfjörðum. Í fámennu samfélagi sem býr við landfræðilega einangrun er mikilvægt að hlutverk skólans taki mið af þörfum einstaklingsins og samfélagsins.

Það er skólanum kappsmál að geta boðið upp á gott og fjölbreytt nám bæði á bóknáms- og starfsnámsbrautum. Rík áhersla er lögð á samstarf við stofnanir og fyrirtæki á heimaslóðum skólans.

Í skólastarfinu er stuðlað að alhliða þroska nemenda og menntun í samræmi við lög um framhaldsskóla. Í skólastarfinu eru nemendur búnir undir frekara nám og störf, ábyrgðarkennd þeirra efld sem og víðsýni og þeir þjálfaðir í öguðum vinnubrögðum,

Í námskrá skólans og gæðahandbók mótar skólinn stefnu sína og markmið skólastarfsins, skipulag skólans og reglur, námsbrautir og áfangalýsingar.



INNGANGUR

Í ársskýrslu þessari fyrir árið 2022 er farið yfir þau verkefni sem mennta- og barnamálaráðuneytið og stjórnendur Menntaskólans á Ísafirði hafa gert samkomulag um og birtist í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára.



STEFNA


Frá haustinu 2016 hefur stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára verið skilað árlega til ráðuneytis mennta- og barnamála til að koma til móts við 31.-32. gr. laga um opinber fjármál. Liður í stefnumiðaðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi og rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst.

Hér má sjá markmið Mí fyrir árin 2022 - 2024:



KJARNASTARFSEMI

• FRAMKVÆMD



REKSTRARÞÆTTIR

• FRAMKVÆMD



MINNKAÐ BROTTHVARF NEMENDA ÚR NÁMI VIÐ SKÓLANN

Samkvæmt áætluninni var farið í ýmsar aðgerðir. Til að fylgjast betur með námsgengi nemenda og fjarvistum frá kennslustundum í dagskóla var tekið upp nýtt verklag í gæðahandbók skólans. Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku var virkjuð sem og móttökuáætlun fyrir nýnema og nýnema með sérþarfir. Fræðsla fyrir kennara um fjölbreytta kennsluhætti var sömuleiðis í boði.

FJÖLGA ÚTSKRIFUÐUM ÚR STARFS- OG VERKNÁMI

Námsframboð skólans í starfs- og verknámi var sérstaklega kynnt fyrir grunnskólanemendum og unnið að endurskoðun á þeim kynningum. Unnið var áfram að því að bæta aðstöðu til náms- og kennslu á starfs- og verknámsbrautum.

AUKA GÆÐI MENNTUNAR VIÐ SKÓLANN

Unnið var að því að innleiða rafrænar ferilbækur í starfs- og verknámi. Leiðbeinendur í kennslu voru hvattir til að hefja réttindanám til að fjölga réttindakennurum og aukið samtal var við atvinnulífið á svæðinu.

DRAGA ÚR UMHVERFISÁHRIFUM

Skólinn stefndi að því að ljúka grænu skrefunum 5 á árinu 2022 sem náðist að hluta. Unnið var að því að minnka notkun og förgun pappírs og loftslagsstefna var sett. Haldið var áfram með að nota fjarfundi sem mest þar sem það var í boði. Áfram verður unnið að því að minnka útblástur af starfseminni með því að auka notkun vistvænna samgöngumáta, nýta fjarfundi í tengslum við stjórnsýslu, minnka orkunotkun og bæta flokkun á úrgangi, þ.m.t. að minnka notkun og förgun á pappír.

AUKIN STARFSÞRÓUN OG STARFSÁNÆGJA

Unnið er að því að auka starfsþróun og starfsánægju starfsfólks m.a. með starfsþróunarnámskeiðum og aukinni fræðslu. Stefnt var að því að skólinn hækkaði töluvert í útkomu í könnuninni um Stofnun ársins sem tókst vel en skólinn var hástökkvari ársins 2022 og hækkaði um 64 sæti milli ára.

AUKIN SKILVIRKNI

Verið er að taka upp rafræna samskiptaferla á ýmsum sviðum sem og rafrænt undirrituð skjöl auk þess sem unnið er að því að sem mest ánægja sé með þjónustu skólans.

NEMENDUR



NEMENDUR ERU STÆRSTI HLUTI MANNAUÐS SKÓLANS. NEMENDUR MÍ ERU FJÖLBREYTTUR HÓPUR SEM STUNDAR NÁM Í DAGSKÓLA, DREIF- OG FJARNÁMI

Nemendum í MÍ hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Dreif- og fjarnámsnemum hefur fjölgað mikið á meðan dagskólanemendum hefur fækkað vegna styttingu náms til stúdentsprófs.

Kennslumagn hefur ekki aukist í hlutfalli við nemendafjölgun sem skýrist fyrst og fremst af mun betri hópanýtingu í bóknámi.

FJÖLDI NEMENDA

Á vorönn 2022 voru nemendur skólans 504 en á haustönn voru þeir 425.

ÚTSKRIFAÐIR

Á vorönn 2021 útskrifuðust 50 nemendur og á haustönn 2022 útskrifuðust 35.

NEMENDUR EFTIR BRAUTUM

Braut	Vor 2022	Haust 2022
Félagsvísindabraut	7	14
Félagsvísindabraut - íþróttasvið	4	2
Fjarnámsbraut	138	77
Grunnnám háriðgreina	4	4
Grunnnám mál- og véltæknigreina	14	17
Grunnnám rafiðna	12	5
Húsasmiði	25	19
Lista- og nýsköpunarbraut	14	19
Nám til iðnmeistararéttinda	24	0
Náttúruvísindabraut	13	17
Náttúruvísindabraut - íþróttasvið	9	14
Opin stúdentsbraut	108	90
Opin stúdentsbraut - íþróttasvið	11	18
Sjúkraliðabraut	18	17
Sjúkraliðabraut - fjarnám	49	49
Sjúkraliðabrá	0	4
Skipstjórn A	27	22
Skipstjórn B	1	3
Starfsbraut	9	10
Stálsmíði	10	11
Stúdentspróf af fagbraut	7	13

NÝNEMAR EFTIR BRAUTUM


Á haustönn 2022 voru innritaðir nýnemar alls 48 og skiptust þeir þannig á brautir:

Braut	Fjöldi
Félagsvísindabraut	1
Félagsvísindabraut - íþróttasvið	
Grunnnám mál- og véltæknigreina	10
Lista- og nýsköpunarbraut	5
Náttúruvísindabraut	1
Náttúruvísindabraut - íþróttasvið	5
Opin stúdentsbraut	10
Opin stúdentsbraut - íþróttasvið	9
Opin stúdentsbraut - sjúkraliðanám	1
Opin stúdentsbraut - sjúkraliðanám	4
Starfsbraut	2
Alls	48

PRENNIS KONAR NEMENDAGERÐIR

Á síðustu árum hefur **NÁMSFYRIRKOMULAGIÐ** breyst frá því að vera eingöngu kennsla á staðnum yfir í dreif- og fjarnám. Kennarar hafa í auknum mæli tileinkað sér ýmsa tækni til að sinna breyttu námsfyrirkomulagi.


	Vor 2022	Haut 2022
Dagskóli	136	159
Dreifnám	100	58
Fjarnám	268	208
Alls	504	425



BÚSETA

Nemendur MÍ koma úr öllum landshlutum en langflestir búa á Vestfjörðum:

	Vor 2022	Haut 2022
Höfuðborgarsvæðið	127	87
Suðurnes	27	16
Vesturland	23	20
Vestfirðir	246	242
Norðurland vestra	17	21
Norðurland eystra	29	16
Austurland	21	4
Suðurland	14	18
Erlendis		1



BROTTFALL



Hér sjást brottfallstölur síðustu fjögurra ára:

Önn	Vor 2019	Haut 2019	Vor 2020	Haut 2020	Vor 2021	Haut 2021	Vor 2022	Haut 2022
%	10,9	8,3	9,9	7,7	6,3	7,5	10,8	7,5

ALDURSDREIFING

Aldursdreifing nemenda MÍ er nokkuð mikil. Yngstu nemendurnir árið 2022 voru 15 ára en elstu 72 ára. Flestir nemendur eru á aldrinum 16 – 20 ára:

Aldur	Vor 2022	Haut 2022
14-15 ára	1	0
16-20 ára	202	212
21-25 ára	98	73
26-30 ára	60	41
31-35 ára	39	26
36-40 ára	30	21
41-45 ára	23	18
46-50 ára	17	5
51-55 ára	16	15
56-60 ára	14	13
61-72 ára	4	1



BRAUTIR Í BOÐI

BÓKNÁM

- Félagsvísindabraut
- Náttúruvísindabraut
- Opin stúdentsbraut
- Opin stúdentsbraut - fjarnám
- Stóðentspróf af fagbraut
- Íþróttasvið

STARFSBRAUT

STARFS- OG VERKNÁM

- Grunnnám háriðngreina
- Grunnnám málm- og véltæknigreina
- Grunnnám rafiðngreina
- Húsasmíði
- Lønmeistaranám
- Lista- og nýsköpunarbraut
- Matartækni
- Sjúkraliðabraut
- Sjúkraliðabrá
- Skipstjórnarnám A og B
- Stálsmiði
- Vélstjórn A

HLUTFALL BÓK- OG VERKNÁMS

Mí leggur áherslu á fjölbreytt námsframboð, bæði í bóknámi og starfs- og verknámi. Skiptingin milli bóknáms annars vegar og starfs- og verknáms hins vegar var eftirfarandi árið 2022. 52% nýnema innrituðust í starfs- og verknám haustið 2022:

	Vorið 2022	%	Haustið 2022	%
Bóknám	306	61%	255	60%
Starfs- og verknám	198	39%	170	40%

NEMENDA-ÞJÓNUSTA

NEMENDAÞJÓNUSTA MÍ SAMANSTENDUR AF ÞJÓNUSTU Náms- og starfsráðgjafa og áfanga- og fjarnámsstjóra. GÓÐ SAMVINNA ER Á MILLI ÞEIRRA AÐILA SEM KOMA AÐ NEMENDAÞJÓNUSTU SKÓLANS OG MARGAR SPENNANDI HUGMYNDIR Í GANGI SEM EIGA VONANDI EFTIR AÐ VERÐA AÐ VERULEIKA Í FRAMTÍÐinni, HÉR MÁ NEFNA FRÆÐSLU- OG UPPLÝSINGAMÁL OG FLEIRA.

Áhersla er lögð á öflugna náms- og starfsráðgjöf, fræðslu og gott utnumhald um nemendur bæði er varðar námslega framvindu, líðan og mætingar. Námsráðgjafi og áfanga- og fjarnámsstjóri bjóða upp á opna viðtalstíma sem nemendur geta bókað sjálfir ýmist í gegnum **rafrænt bókunarkerfi** á heimasíðu skólans eða hjá ritara. Eins eru margir sem koma við á skrifstofu ráðgjafa og fá þannig viðtal því leitast er við að hafa nemendaþjónustuna opna og aðgengilega nemendum.

Á skólaárinu 2022 fóru flest viðtöl fram í skólanum. Einnig voru viðtöl tekin í gegnum Teams og þá helst við fjarnema, sem eru í auknu mæli að nýta sér þjónustu nemendaþjónustu. Auk þess má nefna fjölda fyrirspurna sem berast í tölvupósti og er svarað með þeim hætti.

Á haustönn tók námsráðgjafi móttökuviðtöl við nýnema með erlendan bakgrunn og nýnema með sérþarfarir ásamt foreldrum eða forsjáraðilum. Þar var farið yfir sértæk úrræði í námi, líðan og þær áskoranir sem fylgja því að hefja nám í framhaldsskóla. Áfanga- og fjarnámsstjóri tók viðtöl við útskriftarefni þar sem áhersla var lögð á námsferla og það sem leggja þurfti áherslu á til að útskrifast.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi þann 1. janúar 2022. Meginmarkmið laganna er að skapa umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Námsráðgjafi ásamt sviðsstjóra á starfsbraut eru **tengiliðir vegna farsældarþjónustu**. Innleiðingin er leidd af Ísafjarðarbæ og eru spennandi tímar framundan sem koma vonandi til þess að stuðla að aukinni farsæld nemendahópsins.

Námsráðgjafi er í góðu samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða varðandi geðheilbrigðismál nemenda og vísar nemendum sem þess þurfa í þjónustu teymisins. Einnig hefur verið gott samstarf við félagsþjónustur á svæðinu, barnavernd og aðra sérfræðinga sem koma að málefnum nemenda.



FÉLAGSLÍF NEMENDA



Félagslíf nemenda er jafnan stór þáttur í skólastarfinu og nemendafélagsstjórnir ársins 2022 unnu vel með skólastjórnendum og öðrum sem komu að félagslífi nemenda. Félagsmálafulltrúi skólans er Kolbrún Fjóla Ármúla Arnarsdóttir.

MÍ tók að venju þátt í Gettu betur. Sólrísan fór fram með ýmsum skemmtilegum viðburðum og útgáfu Sólrísublaðsins. Einn af hápunktum Sólrísunnar var sýning leikfélagsins á leikritinu *Ekki um ykkur* eftir Gunnar Gunnsteinsson í leikstjórn höfundar.

Fullveldisfagnaður var haldinn með glæsibrag í desember þar sem nemendur og starfsfólk skemmtu sér vel saman.

Þann 6. október sýndu nemendur í MÍ eins og í flestum öðrum framhaldsskólum þolendum kynferðisofbeldis samstöðu og gengu út úr skólanum.



FORVARNIR

Stefna skólans er að stuðla að jákvæðri lífssýn og heilbrigðum lífsháttum nemenda og starfsfólks. Hjá nemendur er lögð áhersla á að efla andlega og líkamlega heilsu og vellíðan, styrkja sjálfstraust og efla félagsþroska, kynheilbrigði og sjálfsvirðingu. Einnig er lögð áhersla á að styðja nemendur í því að setja sér skýr markmið í lífinu og vinna markvisst að þeim, auk þess að stuðla að öflugum fræðslustarfi undir stjórn forvarnarfulltrúa skólans Ernu Sigrúnar Jónsdóttur.

Ýmis hefðbundin forvarnarfræðsla fór fram á árinu 2022 s.s forvarnafyrirlestrar á vegum Ástráðs-kynfræðslufélags læknanema, Hugrúnar, geðfræðslufélags háskólanema og Chanel Bjarkar Sturludóttur um fjölmenningu. Forvarnardagurinn var haldinn og auk þess heimsótti lögreglan nýnema þar sem áhersla var lögð á umferðamál.

Námsráðgjafi er fulltrúi skólans í VÁ-Vest hópnum sem er samstarfshópur um forvarnir á Vestfjörðum.

Hluti af forvarnastarfi skólans er að tryggja að móttaka nemenda sé í samræmi við móttökuáætlanir og að sérstaklega sé hugað að þeim nemendum sem eru með sérþarfir, hefja nám á starfsbraut eða eru með annað móðurmál en íslensku.

Úrræði fyrir nemendur sem eru í hættu á brottfalli og brotthvarfi eru einnig hluti af forvarnastefnu skólans og felst m.a. í eftirfylgni með mætingum, lotumati og lokamati í samræmi við verklag í gæðahandbók.



STARFSMENN

Starfsmenn MÍ eru mikilvægasta auðlind skólans ásamt nemendum. Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur, vel menntaður og öflugur.



FJÖLDI STARFSMANNA

Við skólann starfa 46 starfsmenn í 33,87 stöðugildum. Starfsmenn í fullu starfi eru 23. Samtals starfa 32 starfsmenn við kennslu.

JAFNLAUNAKERFI

Jafnlaunakerfi skólans hlaut endurvottun undir lok árs 2022 og uppfyllir því kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST85:2012. Starfaflokkun var gerð haustið 2022 og launagreining sem fylgdi leiddi í ljós að skólinn sé að færast nær jafnlaunamarkmiðum sínum, en óleiðréttur launamunur dagvinnulauna kynja var innan við 1%.



Markmið jafnlaunakerfis er að tryggja að allt starfsfólk, óháð kyni, njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

INNRA OG YTRA MAT



INNRA MAT



Skýrsla um innra mat
skólaárið 2021-2022

Stefna um innra mat er unnin í samstarfi við gæðaráð skólans og eru verkefni og verklag nefndar um innra mat skilgreind í gæðahandbók MÍ.

Matsteymi um innra mat starfar eftir verkáætlun sem skipulögð er fjögur ár fram í tímann. Á vorönn og haustönn 2022 lagði teymið fyrir áfangakönnunum (kennslukönnun) í INNU í öllum áföngum. Spurt var um vinnuálag í áföngunum og einnig voru nemendur beðnir um að koma með athugasemdir um það sem þeim þótti takast vel í áfanganum og hvað mætti betur fara. Kennarar fóru yfir svör í eigin áföngum og nýttu þau til ígrundunar og til þess að bregðast við og gera úrbætur í kjölfarið. Stjórnendur fengu einnig niðurstöður kannananna í hendur og gátu nýtt þær í starfspróunarsamtölum við kennarana. Á vorönn var einnig lögð þjónustukönnun fyrir nemendur. Niðurstöður könnunarinnar benda til að langflestir nemendur MÍ séu ánægðir hvað varðar samskipti við starfsfólk, þjónustu og með húsnæðisaðstæður skólans. Á haustönn og vorönn voru auk þess haldin skólamálaping þar sem rætt var um sameiginleg gildi skólans til framtíðar og umhverfið í skólanum í víðum skilningi. Þingin voru hluti af stefnumótunarvinnu sem nú er á lokametrinum. Á haustönn 2022 stóð teymið fyrir nýnemakönnun og námsmat og brottfall nemenda var kannað bæði á haustönn og vorönn 2022.

Niðurstöður kannana og greininga á vegum innra mats voru kynntar stjórnendum og gæðaráði á rýni stjórnenda í lok vorannar 2022. Þar ákváðu stjórnendur hvaða þættir innra mats færu inn í aðgerðaráætlun skólans. Skýrslu skólans um innra mat fyrir skólaárið 2021-2022 var skilað til mennta- og barnamálaráðuneytis í upphafi haustannar 2022.

YTRA MAT

Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Ísafirði var gerð haustið 2021 og niðurstöður birtar í maí 2022.



Ytra mat á starfsemi MÍ- skýrsla

Ytra mat á starfsemi MÍ - viðbrögð



ÝMIS VERKEFNI

GÆÐASTJÓRNUN

Gæðakerfi skólans hlaut vottun samkvæmt ISO 9001 í apríl 2021. Viðhaldsúttekt á gæðakerfinu fór fram í apríl 2022. Markmið gæðakerfis er að tryggja að skólinn uppfylli kröfur sem gerðar eru til hans í lögum og reglugerðum, sem og væntingar og þarfir nemenda og starfsfólks. Rýni stjórnenda fór fram á tveimur fundum, í lok vorannar og í byrjun haustannar. **Gæðahandbók** skólans er birt á heimasíðu hans.

SKJALAVARSLA

Við MÍ er notað rafræna skjalastjórnarkerfið GoPro og er markmiðið með rafrænni skjalavörslu að vinnubrögð séu í samræmi við **lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014**. Skólinn er kominn með leyfi fyrir rafrænum skilum úr GoPro til Þjóðskjalasafns. Stefnt er að fyrstu skilum á árinu 2024.

Unnið hefur verið að því að öðlast yfirsýn yfir umfang pappírsskjala. Sú vinna heldur áfram og snýst nú aðallega um að flokka skjöl, ekki síst m.t.t. aldurs, en samkvæmt reglum á að skila gögnum sem eru orðin 30 ára til Þjóðskjalasafns Íslands.

Skil á rafrænum gögnum mun einnig fara fram úr INNU og var 2022 myndaður undirbúningshópur með skjalastjórum í framhaldsskólum ásamt fulltrúum Advania og Þjóðskjalasafns Íslands til að leggja línurnar. Skjalastjórarnir tóku að sér greiningarvinnu sem fyrsta skref og er stefnt á að þeim hluta vinnunnar ljúki á vorönn 2023.

Ýmis rafrænir gagnagrunnar eru notaðir til skjalavinnslu- og vistunar við MÍ. Vinnsla í forritum Office-pakkans, OneDrive og Teams, var færð til Menntaskýs í febrúar 2022. Snerpa ehf. þjónustar þó áfram skólann með ýmsa þætti tölvuþjónustu. MÍ er einnig í samstarfi við aðra aðila. Advania hýsir námskerfið INNU, Fjársýslan rekur mannauðskerfið Orra, Origo rekur gæðakerfi CCQ, Hugvit rekur skjalastjórnunarkerfið GoPro og Landskerfi bókasafna rekur bókasafnskerfið Gegni, samskrá íslenskra bókasafna.

PERSÓNUVERND

Persónuverndarfulltrúi starfar við skólann, eins og **lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018** gera ráð fyrir. Persónuverndarstefna MÍ var gefin út 2020. **Persónuverndarstefna MÍ** var gefin út í gæðahandbók vorið 2020.



GRÆN SKREF Í RÍKISREKSTRI



Á árinu 2022 innleiddi skólinn fyrstu þrjú grænu skrefin af samtals fimm. Umhverfissjónarmið fóru þar með að setja sterkari svip á skólastarf og umhverfi skólans. Uppfylling grænu skrefanna eru meðal gæðamarkmiða MÍ fyrir skólaárið 2022-2023 og í anda grænu skrefanna auka umhverfisvitund starfsmanna og nemenda í gegnum nám, fræðslu og átaksverkefni. Þessi þáttur myndar kafla í markmiðum og aðgerðaráætlun í **loftslagstefnu MÍ**, sem var gefin út á árinu, í samræmi við lög um loftslagsmál nr.70/2012. Í aðgerðaáætlun er m.a. lögð áhersla á umhverfisfræðslu og á að flétta umhverfismál -og vitund saman við nám og kennslu við skólann.

Margt hefur áunnist síðan innleiðing á grænum skrefum hófst og meðal verkefna og aðgerða sem farið var í á árinu má nefna:

Úrgangur:

- Bætt aðstaða fyrir flokkun
- Átak í flokkun með starfsfólki og nemendum um haustið
- Flokkun hófst á lífrænum úrgangi
- Hlutfall endurvinnslusorps fór úr um 10% 2019 í 75% 2022

Samgöngur:

- Samgöngusamningur innleiddur á vorönn. Þátttaka starfsfólks um 50%
- Ferðavenjukönnun gerð um haustið meðal starfsfólks og nemenda

Annað:

- Í tilefni **evrópsku nýtnivikunnar** var staðið fyrir skiptimarkaði fyrir notaðan fatnað í nóvember sem var vel tekið

Mötuneyti:

- Á matseðli í mötuneyti er ávallt í boði grænkeraréttur en t.d. rautt kjöt að hámarki 2svar í viku
- Vigtun á matarafgöngum í mötuneyti í eina viku á haustönn

Rekstrarvörur:

- Notkun skrifstofupappírs hefur minnkað, sem dæmi var enginn pappír keyptur á árinu 2022
- Innkaup á rekstrarvörum eru mun umhverfisvænni en áður og er stefnan að kaupa umhverfisvottaðar vörur, séu þær í boði



STOFNUN ÁRSINS

Menntaskólinn á Ísafirði hlaut í fyrsta sinn viðurkenningu í Stofnun ársins fyrir að vera sú ríkisstofnun sem bætti starfskjör starfsmanna best árið 2022. Fékk skólinn af því tilefni titilinn hástökkvari ársins.

Tilgangur með vali á stofnun ársins er að taka eftir og verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri í mannauðsstjórnun. Þá nýtist könnunin stjórnendum til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi og á að efla starfsumhverfi félagsfólks og starfsfólks í almannajónustu. Niðurstöður könnunarinnar veita afar mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi vinnustaða og samanburð við aðrar stofnanir.

Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Könnunin veitir mikilvægar upplýsingar um styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi stofnana eins og MÍ, starfsfólki til hagsbóta.

Á hverju ári tekur allt starfsfólk skólans, óháð félagsaðild, þátt í könnuninni sem fer þannig fram að spurningalisti er lagður fyrir starfsfólk á netinu. Mælingin nær yfir ný ólíka þætti og þannig fæst heilsteypt mynd af innra starfsumhverfi stofnana. Þeir ný þættir sem eru mældir eru: stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti.



Hástökkvari ríkisstofnana

Hvaða stofnun stekkur hæst?

Hástökkvari ríkisstofnanna árið 2022 er Menntaskólinn á Ísafirði. Við útreikning á hástökkvurum er fyrst reiknuð raðeinkunn fyrir allar stofnanir á bilinu 1-100 og svo er reiknaður munur á raðeinkunn milli ára. Menntaskólinn á Ísafirði stekkur hæst allra, eða um 64 sæti. Þá er átt við sæti á raðeinkunninni.



• SAMSTARF VIÐ AÐRA FRAMHALDSSKÓLA

Sem starfs- og verknámsskóli er skólinn í góðu samstarfi við aðra slíka skóla um allt land með reglulegum samráðsfundum. Skólinn á einnig samstarf við 11 aðra framhaldsskóla á landsbyggðinni um fjarnám og gengur samstarfið undir nafninu Samland (áður Fjarmentaskólinn). Innan Samlands er sérstakt samstarf milli MÍ, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV) og Verkmenntaskóla Austurlands (VA) um sjúkraliðanám.

• SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA

Það samstarf fer m.a. fram með skipulögðum heimsóknum námsráðgjafa í grunnskólana á svæðinu, einkum til nemenda í 10. bekk. Einnig felst samstarfið í fundum skólastjórnenda og kennarahittingum beggja skólastiga þegar því er við komið.

• SAMSTARF VIÐ SVEITARFÉLÖG

Prenns konar samstarf er við sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum. Í fyrsta lagi um farsæld. Í öðru lagi um rekstur nýsköpunarsmiðjunnar Fab lab (e. fabrication laboratory) og í þriðja lagi um rekstur afreksíþróttasviðs við MÍ.

- Ársskýrsla Fab lab Ísafjörður

• SAMSTARF VIÐ VINNUMÁLASTOFNUN

Samstarf er milli stofnananna um fræðslu fyrir nemendur á 3. og 4. ári starfsbrautar. Í samningnum felst að Vinnumálastofnun býðst til að koma inn með fræðslu fyrir nemendurna og framkvæmd og útfærsla verkefnisins er samkomulag á milli skólans og Vinnumálastofnunar.

• ERLENT SAMSTARF

Skólinn átti á árinu 2022 í erlendum samskiptum við þrjá skóla í Danmörku, Finnlandi og í Frakklandi. Í febrúar 2022 fóru sex nemendur frá MÍ til EUC Lillebælt til tveggja vikna dvalar við nám og störf. Þrír starfsmenn fóru í undirbúningsheimsókn í maí til framhaldsskólans Omnia í Helsinki vegna fyrirhugaðra nemendaskipta og tveir starfsmenn frá Omnia heimsóttu MÍ í sömu erindagjörðum í október. MÍ hefur frá árinu 2004 átt í samstarfi við framhaldsskólann St. Marie du Port í Les Sables d'Olonne á vesturströnd Frakklands. Nemendaskipti fara fram annað hvert ár og í mars 2022 tóku nemendur MÍ á móti nemendum úr franska skólanum. MÍ-ingar endurguldu svo heimsóknina í apríl. Auk þessa fóru nemendur á starfsbraut í heimsókn til Amsterdam í Hollandi í byrjun apríl. Um var að ræða stutta starfsnámsdöl sem nemendurnir höfðu sjálfir skipulagt og undirbúið með aðstoð kennara sinna og stuðningsfulltrúa. Auk þessa fór einn starfsmaður á námskeið í Oulu í Finnlandi í janúar. Öll voru þessi verkefni möguleg vegna aðildar skólans að starfsnámshluta Erasmusplus 2021-2027.

• SAMSTARF VIÐ BÓKASÖFNIN Á SVÆÐINU

Gott samstarf er á milli bókasafna framhaldsskóla, en einnig á milli bókasafnanna á svæðinu: grunnskólasafnsins, MÍ-safnsins, bókasafns Háskóla Vestfjarða og bæjarbókasafnsins. Á árinu 2022 var innleitt nýtt bókasafnskerfi á landsvísu og tók skólinn þátt í þeirri vinnu.

HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæði skólans er í heildina 5.814 fermetrar og skiptist í þrjár byggingar; bóknámshús, verknámshús og heimavist en í kjallara heimavistar er einnig kennslurými og Fab lab.

STÆKKUNAR ER ÞÖRF

Mikilvægt er að aðstaða í skólanum endurspegli þau markmið sem unnið er að. Hluti verknámskennslu fer fram í ósamþykktu húsnæði í kjallara heimavistar auk þess sem umfang verknámskennslu hefur aukist undanfarin ár.

Bættri aðstöðu fyrir verknámskennslu er ætlað að þjóna öllum Vestfjörðum. Bætt aðstaða fyrir verknám gefur möguleika á auknu námsframboði verknámsgreina og styður við þá atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar á svæðinu auk þess að skapa tækifæri fyrir fjölbreyttara námsframboð sem núverandi húsnæði skólans býður ekki upp á.

Á árinu 2021 var unnið að frummatsskýrslu vegna byggingar fyrir verknámskennslu. Áfram var unnið að málinu á árinu 2022.



FJÁRMÁL

Fjárhagsstaða skólans var ekki innan ramma fjárlaga fyrir árið 2022 en skólinn fékk aukafjárveitingu þannig að ársreikningur vegna 2022 var á núlli. Framlag úr ríkissjóði var 641,2 milljónir, sértekjur voru 81,3 milljónir. Gjaldaliður vegna húsnæðis- og launakostnaður á árinu 2022 var 89% af útgjöldum skólans.



HORFT TIL FRAMTÍÐAR

Framhaldsskólar á Íslandi



SKÓLI MEÐ SÉRSTÖÐU

Mernntaskólinn á Ísafirði er eini framhaldsskólinn á stóru landsvæði. Skólinn heldur úti fjölbreyttu námsframboði og er sem slíkur mjög samfélagslega mikilvægur. Mikilvægt er að tryggja skólanum öruggan rekstrargrundvöll þar sem tekið er tillit til sérstöðu skólans á landsvísu.



BJÖRT FRAMTÍÐ

Framtíð skólans er björt. Nemendum hefur fjölgað mikið undanfarin ár auk þess sem sveigjanleiki í námi hefur aukist.

Atvinnuhorfur á svæðinu eru góðar og mikilvægt er að skólinn taki þátt í framþróun Vestfjarða með því að bjóða gott og fjölbreytt nám í heimabyggð.



FJÖLBREYTTUR NEMENDAHÓPUR

Nemendahópur skólans er mjög fjölbreyttur og hefur starfsfólk skólans yfir að ráða hæfni og þekkingu til að mæta honum. Í Mí fögnum við fjölbreytileikanum.



Haustið 2022 voru 28% dagskólanemenda í Mí með annað móðurmál en íslensku



NÁM OG KENNSLA

Með framboði á námi og í kennslu er leitast við að mæta þörfum nemenda sem best, hvort sem nemendur eru í dagskóla, fjarnámi eða dreifnámi.



BÆTTAR SAMGÖNGUR INNAN VESTFJARÐA

Samgöngur milli norður- og suðurhluta Vestfjarða hafa batnað mikið. Sónarfæri eru fólgin í því að fleiri nemendur hafi greiðari aðgang að námi í Mí en á árinu 2022 hófu 7 nemendur af suðursvæðinu nám við skólann.